Hagtíðindi
Statistical Series

Sjávarútvegur
Fisheries

2. febrúar 2016

# Hagur veiða og vinnslu 2014

*Profitability in fishing and fish processing 2014*

*Samantekt*

**Hagnaður sjávarútvegsfyrirtækja fyrir afskriftir, fjármagnskostnað og tekjuskatt (verg hlutdeild fjármagns, EBITDA) sem hlutfall af heildartekjum sjávarútvegs minnkaði milli áranna 2013 og 2014. Í fiskveiðum og -vinnslu lækkaði hlutfallið (án milliviðskipta) úr 26,7% í 24,3%, hækkaði í fiskveiðum úr 20,1% árið 2013 í 20,4% af tekjum árið 2014 og lækkaði í fiskvinnslu úr 17% í 14,2%.**

**Hreinn hagnaður (EBT) í sjávarútvegi, samkvæmt árgreiðsluaðferð, nam 15% árið 2014 samanborið við 18,2% árið áður. Í fjárhæðum nam hagnaðurinn 36,3 milljörðum króna eftir að gjaldfærð hefur verið árgreiðsla að fjárhæð 22,3 milljarðar. Sé miðað við hefðbundna uppgjörsaðferð er niðurstaðan sú sama 15% hagnaður 2014 eða 36,3 milljarðar, samanborið við 22,5% hagnað árið 2013.**

## Inngangur

Hagstofa Íslands tekur árlega saman yfirlit um rekstur helstu greina sjávarútvegs. Við gerð þess er bæði byggt á skattframtölum rekstraraðila og reikningum sem fyrirtæki í sjávarútvegi hafa sent Hagstofunni, og kann hún þeim bestu þakkir fyrir. Niðurstöður Hagstofunnar eru færðar til heildarstærðar miðað við upplýsingar frá Fiskistofu um tekjur í fiskveiðum og útflutningsverðmæti á sjávarafurðum. Aðferðin við úrvinnslu Hagstofu Íslands á þessum gögnum er með sama hætti og tíðkast hefur um langt árabil. Úrvinnslan er að mestu leyti reist á uppgjörsaðferðum sem beitt er við gerð þjóðhagsreikninga og geta því niðurstöðurnar að einhverju leyti vikið frá niðurstöðu úr rekstrarframtölum fyrirtækja, en þannig háttar ekki nú og sýna skattframtöl árið 2014 mjög svipaða veltu í sjávarútvegi og upplýsingar Hagstofu um útflutningstekjur gera ráð fyrir. Hagstofan byggir niðurstöður sínar á úrtaki en ekki heild og því gæti uppblásturinn orðið til þess að hagnaður í krónum talið reiknist of mikill enda er hann áætlaður svipaður fyrir þau fyrirtæki sem ekki eru í úrtakinu og er í heildarniðurstöðum. Það þarf þó ekki að vera þannig þar sem fyrirtæki sem ekki eru í úrtakinu eru oft smærri fyrirtæki eða fyrirtæki sem ganga illa og skila ekki inn ársreikningi. Heildaráhrifin af þessu á niðurstöður eru líklega ekki mikil, enda nær úrtakið til fyrirtækja sem eru með um það bil 90% af veltu greinarinnar.

Þá hefur eiginfjárstaða fyrirtækja í sjávarútvegi verið leiðrétt fyrir tvífærslum í samræmi við upplýsingar sem aflað var frá endurskoðendum. Yfirlitin sýna afkomu helstu greina veiða og vinnslu sjávarafurða, þ.e. báta í nokkrum stærðarflokkum, uppsjávarveiðiskipa, ísfisktogara, frystitogara, botnfiskfrystingar, botnfisksöltunar, mjöl- og lýsisvinnslu og ferskfiskvinnslu. Ekki er birt sérstakt yfirlit um rekstur í rækjuvinnslu, herslu og síldarsöltun en rækjuvinnsla telst til frystingar en hersla og síldarsöltun með botnfisksöltun.

Hagstofa Íslands

Í heftinu er birt yfirlit um rekstur ársins 2014 sem eru færð upp til heildar ásamt yfirliti um efnahag sjávarútvegsins í heild árin 2008–2014. Einnig er sýnd dreifing vergrar hlutdeildar fjármagns í frystingu og söltun, dreifing afkomu 931fyrirtækja í úrtaki Hagstofunnar árið 2014 auk dreifingar eiginfjárhlutfalls í sjávarútvegi 2013–2014. Þá er birt yfirlit um strandveiðar sem fyrst voru leyfðar á fiskveiðiárinu 2008/2009. Á tímabilinu maí–ágúst fiskveiðiárið 2013–2014 voru veiddar á handfæri um 8.700 lestir af óslægðum botnfiski á strandveiðum. Rekstraryfirlitið sýnir 511 báta sem stunda aðallega strandveiðar en einhverjir þeirra stunda strandveiðar með öðrum veiðum árið 2014 sem fyrr. Yfirlitið er sýnt í töflu 10 og er dregið út úr rekstraryfirliti fyrir báta undir 10 brúttótonnum. Að lokum er yfirlit yfir frystiskip sýnt í töflu 11 þar sem uppsjávarfrystiskip, 6 að tölu, eru dregin út úr rekstraryfirliti fyrir frystitogara sem veiða botnfisk.

Hagstofan fær upplýsingar úr ársreikningum fyrirtækja sem fylgja skattframtölum rekstraraðila en þær nægja ekki þegar aðgreina þarf rekstur veiða og vinnslu í sjávarútvegi. Nauðsynlegt er því að afla ýtarlegri upplýsinga beint frá fyrirtækjunum. Þær niðurstöður sem hér birtast eru því að hluta reistar á reikningum sem fyrirtæki í sjávarútvegi hafa sent Hagstofunni og kann hún þeim bestu þakkir fyrir.

## Niðurstöður

*EBITDA í fiskveiðum og fiskvinnslu árið 2014 24,3% af tekjum*

Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnskostnað og tekjuskatt (verg hlutdeild fjármagns eða EBITDA) sem hlutfall af heildartekjum sjávarútvegsins minnkaði milli áranna 2013 og 2014. Í fiskveiðum og -vinnslu lækkaði þetta hlutfall (án milliviðskipta) úr 26,7% í 24,3% og í fjárhæðum varð hlutdeildin tæpir 59 milljarðar. Í fiskveiðum hækkaði hún úr 20,1% árið 2013 í 20,4% árið 2014 varð rúmir 29 milljarðar og í fiskvinnslu lækkaði hún úr 17% í 14,2% í rúma 29 milljarða.

*Hagnaður botnfiskveiða 12,8% og botnfiskvinnslu 13,2% af tekjum*

Hreinn hagnaður botnfiskveiða og -vinnslu, reiknaður í hlutfalli af tekjum samkvæmt árgreiðsluaðferð, jókst úr 17,4% af tekjum árið 2013 í 18,5% árið 2014. Hreinn hagnaður botnfiskveiða jókst úr 10,3% af tekjum í 12,8% en hagnaður botnfiskvinnslu dróst saman úr 14,7% af tekjum í 13,2%. Hreinn hagnaður uppsjávarveiða og bræðslu fór úr 25,2% í 5,6%. Í heild var hreinn hagnaður sjávarútvegsins 15% af tekjum að frádregnum milliviðskiptum með hráefni, en það er minnsti hagnaður frá árinu 2007. Í fjárhæðum nam hagnaðurinn 36,3 milljörðum króna eftir að gjaldfærð hefur verið árgreiðsla að fjárhæð 22,3 milljarðar. Tafla 9 sýnir rekstraryfirlit fiskveiða og fiskvinnslu svo og sjávarútvegsins í heild að frádregnum viðskiptum með hráefni á milli veiða og vinnslu.

*EBITA uppsjávarfrystiskipa árið 2014 var 25,6% af tekjum og uppsjávarveiðiskipa 5,6% af tekjum*

Verð sjávarafurða á erlendum mörkuðum í íslenskum krónum hækkaði um tæpt 1% frá fyrra ári og verð á flotaolíu í USD lækkaði að meðaltali um 6,5% á milli ára. Gengi dollarans lækkaði um 4,4% á milli ára. Útflutningsverðmæti sjávarútvegs lækkaði um 10,4%, og nam 244 milljörðum króna á árinu 2014, verð á útflutningsvörum í sjávarútvegi var nær óbreytt og magn útfluttra sjávarafurða minnkaði um 10,4%. Um 9100 manns starfaði við sjávarútveg í heild árið 2015 sem er um 5% af vinnuafli á Íslandi. Veiðigjald útgerðarinnar fór úr 9,2 milljörðum fiskveiðiárið 2012/2013 í 7,7 milljarða fiskveiðiárið 2013/2014. Í reikningum fyrirtækjanna er veiðigjaldið talið með öðrum rekstrarkostnaði.

Hagnaður var á rekstri mjöl- og lýsisvinnslu og uppsjávarfrystiskipa á árinu 2014. EBITDA mjöl- og lýsisvinnslu var 21,9% og uppsjávarfrystiskipa 25,6% af tekjum. EBITDA uppsjávarveiðiskipa var aftur á móti aðeins 5,6%. Uppsjávarafli árið 2014 var um 30% minni en á árinu 2013.

Ferskfiskvinnsla minnkaði í magni um rúm 2% og verðið lækkaði um tæpt 1% og verðmæti því um 3% lægra en árið 2013. Verg hlutdeild fjármagns var 3,3% og hreinn hagnaður 1,6%.

*EBITDA strandveiða 14,3%*

511 bátar, flestir minni en 10 brúttótonn, voru við strandveiðar á árinu 2014. Afli bátanna var um 8.700 tonn og aflaverðmætið rúmlega 2,3 milljarðar. EBITDA strandveiðanna árið 2014 var 14,3%. EBITDA annarra báta undir 10 tonnum á almennum veiðum var 18,2%. Í töflu 10 er sýnt rekstraryfirlit strandveiðibáta ásamt rekstraryfirliti báta undir 10 brúttótonnum.

Lítill sem enginn munur er á afkomu sjávarútvegsins árið 2014 þegar milliviðskipti hafa verið felld út, eftir því hvort hagnaður er reiknaður eftir árgreiðsluaðferð eða á hefðbundinn hátt miðað við gjaldfærðar afskriftir og fjármagnskostnað. Hreinn hagnaður var 15% hvor aðferðin sem var notuð. Munurinn ef einhver er, stafar meðal annars af því að beinna áhrifa af breytingum á gengi við mat á fjármagnskostnaði gætir ekki þegar árgreiðsluaðferðin er notuð og hún því hentugri ef litið er á afkomuna yfir lengra tímabil. Þá er vert að geta þess að árgreiðslan felur í sér gjaldfærslu sem nemur 6% af stofnverði rekstrarfjármuna hvort sem þeir fjármunir eru fjármagnaðir með lánsfé eða eigin fé. Við hefðbundar uppgjörsaðferðir er aftur á móti gjaldfærður vaxtakostnaður eins og hann varð af lánsfé en engir vextir eru reiknaðir af eigin fé.

Hjá strandveiðibátum sýnir árgreiðsluaðferðin mun lakari afkomu en sú hefðbundna því fjöldi strandveiðibáta sem veiðir takmarkaðan afla er mjög mikill og því verður árgreiðslan, sem er reiknuð út frá vátryggingarverðmæti bátanna, hlutfallslega mjög há. Ekki var unnt að meta afkomu í rækjuvinnslu árið 2014.

*Eigið fé sjávarútvegs í árslok 2014 rúmir 185 milljarðar*

Samkvæmt efnahagsreikningi voru heildareignir sjávarútvegs í árslok 2014 tæpir 574 milljarðar króna, heildarskuldir rúmir 388 milljarðar og eigið fé rúmir 185 milljarðar. Hagstofan fékk upplýsingar frá endurskoðendum um tilfærslur á milli áhættufjármuna og eiginfjár vegna eiginfjárhlutdeildar í eigin fé annarra sjávarútvegsfyrirtækja, sem námu rúmum 11 milljörðum og eru taldar með í niðurstöðunum. Verðmæti heildareigna hækkaði um 8,3% frá 2013 og fjárfestingar í varanlegum eignum hækkuðu um 16%. Skuldir hækkuðu nú í fyrsta sinn frá 2009 um rúm 2,1%, en fjárfestingar voru miklar árið 2014. Eiginfjárhlutfallið reyndist 32,3% en var 28,2% í árslok 2013. Eiginfjárhlutfallið var neikvætt um tæplega 12% í árslok 2008 en árin þar á undan var eiginfjárhlutfallið á bilinu 24–29%. Í töflu 8 er sýnd dreifing eiginfjárhlutfalls þeirra fyrirtækja sem eru í úrtaki Hagstofunnar árin 2013 og 2014.

Auk þess talnaefnis sem hér birtist má vísa til sambærilegs efnis um fyrri ár á vef Hagstofunnar: *www.hagstofa.is*.

## English summary

Statistics Iceland has compiled and analyzed the operating accounts of fishing and fish processing companies for 2014 as well as their balance sheets. Information from these statements along with data on exports and catches were used to measure the overall profitability in the subsectors of these branches of industry.

The results show the profits of the main sub-sectors of these activities such as boats in several size categories, pelagic vessels, wet fish trawlers, freezing trawlers, processing of demersal species like freezing and salting, processing of pelagic and fresh fish processing.

The net profit of fishing and fish processing total decreased somewhat between 2013 and 2014 or from 18,2% to 15% (corrected for the effect of changes in the exchange rate according to the annuity approach and 6% rate of return). Net profit of fishing and fish processing of demersal species increased from the year before or from 17,4% of revenue to 18,5%.

Aggregated balance sheet of fishing and fish processing shows that the total worth of assets of the fisheries are ISK 574 billion, liabilities are worth of ISK 388 billion and equity nearly ISK 185 billion.

Comparable time series for previous years are available on the web site of Statistics Iceland, www.statice.is.

**Tafla 1. Hreinn hagnaður sjávarútvegs miðað við árgreiðsluaðferð og 6% ávöxtun**

*Table 1. Net profit in fishing and fish processing, using annuity approach (imputed cost of capital) and 6% rate of return*

| Hlutfall af tekjum *Percent of revenue* | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. Sjávarútvegur í heild[1, 2]** ***Fishing and fish processing, total[1, 2]*** | **19,1** | **22,0** | **19,8** | **22,6** | **21,5** | **18,2** | **15,0** |
| **1.1 Veiðar og vinnsla botnfisks[2]** | | | | | | | |
| ***Fishing and fish processing of demersal species[2]*** | **24,6** | **25,1** | **21,5** | **24,5** | **21,4** | **17,4** | **18,5** |
| **1.1.1 Botnfiskveiðar** ***Fishing of demersal species*** | **16,2** | **18,3** | **15,9** | **16,7** | **15,2** | **10,3** | **12,8** |
| Bátar *Boats* | 22,4 | 16,4 | 12,5 | 9,6 | 14,3 | 7,9 | 12,7 |
| Togarar *Trawlers* | 5,3 | 23,2 | 20,5 | 20,6 | 16,8 | 10,7 | 11,2 |
| Frystiskip *Freezing vessels* | 14,0 | 18,1 | 17,8 | 21,5 | 16,2 | 12,7 | 13,6 |
| **1.1.2 Botnfiskvinnsla** ***Processing of demersal species*** | **20,2** | **18,7** | **15,3** | **19,6** | **16,1** | **14,7** | **13,2** |
| Frysting *Freezing* | 19,2 | 13,5 | 14,9 | 22,1 | 18,7 | 16,0 | 17,6 |
| Söltun *Salting* | 21,6 | 24,4 | 15,8 | 13,9 | 10,2 | 11,2 | 3,3 |
| **1.2 Veiðar og vinnsla rækju[2]** ***Fishing and processing of shrimp[2]*** | - | - | - | - | - | - | - |
| **1.3 Uppsjávarfisksveiðar og -bræðsla[2]** | | | | | | | |
| ***Fishing and processing of pelagic fish[2]*** | **31,6** | **26,1** | **31,0** | **29,9** | **36,1** | **25,2** | **5,6** |

[1] Hér eru taldar með botnfiskveiðar og -vinnsla, rækjuveiðar og -vinnsla og uppsjávarfisksveiðar og bræðsla. Uppsjávarveiðiskip eru innifalin í frystiskipum og uppsjávarfrysting í frystingu. *Included here are fishing and porcessing of:demersal species, shrimp, and pelagic fish.Pelagic freezers are included in freesing vessels and frozen pelagic product are included in freezing.*

[2] Miðað er við tekjur greinanna alls að frádregnum milliviðskiptum með hráefni. *The income exclude transactions of raw material between enterprises.*

## Tafla 2. Rekstraryfirlit fiskveiða 2014

*Table 2. Operating accounts of fishing 2014*

| Milljónir króna<br>*Million ISK* | Alls<br>*Total* | Bátar undir 10 b.t.<br>*Boats less than 10 GT* | Bátar 10–200 b.t.<br>*Boats 10–200 GT* | Bátar >200 b.t.<br>*Boats over 200 GT* | Uppsjávar-veiðiskip<br>*Pelagic vessels* | Ísfisk-togarar<br>*Fresh fish trawlers* | Frysti-togarar<br>*Freezer trawlers* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. Tekjur alls** ***Operating revenues*** | **142.927** | **6.919** | **24.016** | **28.117** | **15.448** | **20.355** | **48.072** |
| 1.1 Seldur afli Catches | 48.574 | 175 | 126 | 2.113 | 0 | 2.209 | 43.951 |
| 1.2 Selt hráefni *Fresh fish for processing* | 87.736 | 6.394 | 21.406 | 25.044 | 15.132 | 17.572 | 2.188 |
| 1.3 Aðrar tekjur *Other income* | 6.618 | 349 | 2.484 | 960 | 316 | 574 | 1.934 |
| **2. Gjöld alls** ***Operating expenses*** | **113.734** | **5.755** | **17.952** | **21.678** | **14.650** | **16.272** | **37.427** |
| 2.1 Aflahlutir *Fishermen's shares* | 37.315 | 1.288 | 5.119 | 7.236 | 4.106 | 5.212 | 14.355 |
| 2.2 Önnur laun *Other wages* | 7.021 | 220 | 2.176 | 1.769 | 520 | 934 | 1.401 |
| 2.3 Launatengd gjöld *Labour related costs* | 6.214 | 252 | 766 | 1.110 | 421 | 1.236 | 2.429 |
| 2.4 Olíur *Oil* | 15.699 | 762 | 1.795 | 2.108 | 2.878 | 2.321 | 5.836 |
| 2.5 Veiðarfæri *Fishing gear* | 3.520 | 141 | 358 | 443 | 930 | 527 | 1.121 |
| 2.6 Viðhald *Maintenance and repair* | 8.639 | 573 | 1.141 | 1.426 | 1.257 | 1.309 | 2.932 |
| 2.7 Frystikostnaður, umbúðir o.fl. *Packaging and freezing cost* | 1.293 | – | – | – | – | – | 1.293 |
| 2.8 Flutningskostnaður *Transportation cost* | 1.497 | 324 | 424 | 79 | 23 | 67 | 579 |
| 2.9 Laun v/skrifstofu *Salaries* | 1.425 | – | 0.116 | 166 | 277 | 200 | 666 |
| 2.10 Skrifstofukostnaður *Overhead cost, excluding salaries* | 4.091 | 595 | 937 | 871 | 390 | 494 | 803 |
| 2.11 Tryggingar *Insurance* | 1.387 | 116 | 264 | 207 | 214 | 173 | 413 |
| 2.12 Sölukostnaður *Sales cost* | 2.144 | 0 | 112 | 637 | 1 | 567 | 828 |
| 2.13 Löndunarkostnaður *Landing cost* | 2.307 | 0 | 155 | 402 | 191 | 614 | 945 |
| 2.14 Önnur gjöld *Other expenses* | 21.183 | 1.482 | 4.590 | 5.225 | 3.442 | 2.618 | 3.826 |
| **3. Verg hlutdeild fjármagns (EBITDA) (3.=1.-2.)** ***Share of capital, gross*** | **29.193** | **1.164** | **6.064** | **6.439** | **798** | **4.083** | **10.645** |
| Hlutfall af tekjum *Percent of revenue* | 20,4 | 16,8 | 25,3 | 22,9 | 5,2 | 20,1 | 22,1 |
| 4. Afskriftir *Depreciation* | 7.590 | 619 | 817 | 1.382 | 1.671 | 691 | 2.410 |
| 5. Vextir og gengismunur *Interest and exchange rate adjustments* | 6.730 | 343 | 2.046 | 954 | -5 | 384 | 3.008 |
| **6. Hreinn hagnaður (EBT)** ***Profit (6.=3.-4.-5.)*** | **14.873** | **203** | **3.201** | **4.103** | **-869** | **3.008** | **5.227** |
| Hlutfall af tekjum *Percent of revenue* | 10,4 | 2,9 | 13,3 | 14,6 | -5,6 | 14,8 | 10,9 |
| 7. Árgreiðsla, 6% *Imputed cost of capital, 6%* | 15.711 | 1.290 | 1.864 | 2.998 | 3.658 | 1.796 | 4.105 |
| **8. Hreinn hagnaður** ***Profit (8.=3.-7.)*** | **13.482** | **-126** | **4.201** | **3.440** | **-2.860** | **2.287** | **6.540** |
| Hlutfall af tekjum *Percent of revenue* | 9,4 | -1,8 | 17,5 | 12,2 | -18,5 | 11,2 | 13,6 |

Tafla 2. Rekstraryfirlit fiskveiða 2014 (frh.)
*Table 2. Operating accounts of fishing 2014 (cont.)*

| Milljónir króna *Million ISK* | Alls *Total* | Bátar undir 10 b.t. *Boats less than 10 GT* | Bátar 10–200 b.t. *Boats 10–200 GT* | Bátar >200 b.t. *Boats over 200 GT* | Uppsjávar-veiðiskip *Pelagic vessels* | Ísfisk-togarar *Fresh fish trawlers* | Frysti-togarar *Freezer trawlers* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Upplýsingar um skip *Characteristics of vessels*** | | | | | | | |
| Fjöldi *Fleet – number of vessels* | 1.364 | 956 | 276 | 60 | 20 | 25 | 27 |
| Brúttótonn (b.t. – meðaltal) *Fleet – average GT* | 719 | 6 | 33 | 398 | 1.807 | 795 | 1.990 |
| Skráð lengd (metrar – meðaltal) *Fleet – average length* | 32 | 8 | 14 | 33 | 62 | 45 | 58 |
| Vélarstærð (kW) *Fleet - average kW* | 1.518 | 122 | 273 | 655 | 4.111 | 2.208 | 3.139 |
| Meðalsmíðaár *Fleet - building year* | 1988 | 1990 | 1993 | 1980 | 1988 | 1984 | 1990 |
| Vátryggingaverðmæti, milljónir króna *Insurance value, million ISK* | 131.640 | 10.811 | 15.615 | 25.123 | 30.645 | 15.049 | 34.396 |
| **Afli (þúsund tonn) *Volume (thousand tonnes)*** | **1.076,9** | **26,9** | **91,9** | **134,9** | **414,1** | **110,2** | **299,0** |
| Þorskur *Cod* | 238,0 | 18,5 | 51,9 | 74,0 | 0,1 | 60,1 | 33,4 |
| Ýsa *Haddock* | 35,8 | 1,3 | 12,3 | 11,2 | 0,0 | 4,7 | 6,2 |
| Ufsi *Saithe* | 46,1 | 1,7 | 1,9 | 10,1 | 0,0 | 16,3 | 16,1 |
| Karfi *Redfish* | 60,0 | 0,2 | 0,9 | 7,3 | 0,0 | 17,6 | 34,0 |
| Humar *Lobster* | 2,0 | – | 0,1 | 1,3 | – | 0,5 | – |
| Rækja *Shrimp* | 7,6 | 0,4 | 1,9 | 3,6 | – | 1,2 | 0,5 |
| Síld *Herring* | 101,4 | 0,0 | 0,0 | 0,1 | 71,3 | 0,2 | 29,8 |
| Norsk-íslensk síld *Atlantic-Scandian herring* | 56,5 | – | – | 0,1 | 39,7 | 0,0 | 16,7 |
| Loðna *Capelin* | 112,1 | – | – | – | 84,1 | – | 28,0 |
| Kolmunni *Blue withing* | 182,8 | – | – | – | 138,8 | 0,0 | 43,9 |
| Makríll | 170,5 | 1,3 | 6,3 | 5,1 | 79,2 | 5,4 | 73,2 |
| Annað *Other* | 64,2 | 3,5 | 16,5 | 22,0 | 0,9 | 4,2 | 17,0 |
| **Verðmæti (milljónir kr.) *Value (million ISK)*** | **136.310** | **6.570** | **21.532** | **27.157** | **15.132** | **19.781** | **46.138** |
| Þorskur *Cod* | 53.061 | 4.982 | 12.997 | 15.018 | 2 | 10.849 | 9.213 |
| Ýsa *Haddock* | 10.336 | 412 | 3.712 | 3.094 | 0 | 1.162 | 1.956 |
| Ufsi *Saithe* | 7.872 | 271 | 304 | 1.469 | 1 | 2.016 | 3.812 |
| Karfi *Redfish* | 13.707 | 3 | 194 | 1.474 | 1 | 3.787 | 8.248 |
| Humar *Lobster* | 1045,4 | – | 101,6 | 694,4 | – | 249,4 | – |
| Rækja *Shrimp* | 2.538 | 164 | 607 | 1.191 | – | 332 | 245 |
| Síld *Herring* | 5.955 | 2 | 2 | 3 | 3.281 | 6 | 2.661 |
| Norsk-íslensk síld Atlantic-Scandian herring | 3.504 | – | – | 4 | 1.798 | 1 | 1.701 |
| Loðna *Capelin* | 3.975 | – | – | – | 2.437 | – | 1.539 |
| Kolmunni *Blue withing* | 4.746 | – | – | – | 3.473 | – | 1.274 |
| Makríll | 15.264 | 110,0 | 551 | 377 | 4.120 | 387 | 9.719 |
| Annað *Other* | 14.305 | 626 | 3.064 | 3.833 | 20 | 990 | 5.772 |

**Skýringar** *Notes*: Við gerð þessa yfirlits hefur úrtak í viðkomandi útgerðarflokki verið stækkað þannig að tekjur af sölu afla stemmi við heildartekjur af sölu afla í viðkomandi útgerðarflokki eins og þær eru áætlaðar af Hagstofu Íslands og Fiskistofu. Tekjur þeirra útgerðardeilda sem eru með í úrtakinu eru 78% af tekjum báta undir 10 brúttótonnum, 74% af tekjum báta 10–200 brúttótonn, 87% af tekjum báta yfir 200 brúttótonn, 73% af tekjum uppsjávarveiðiskipa, 100% af tekjum ísfisktogara og 100% af tekjum frystitogara sem gerir um 90% af heildinni. Inn í rekstraryfirliti frystiskipa eru nokkur skip sem frysta uppsjávarafla. *These operating accounts are of grossed up to anear complete coverage. The sample size of each type of ship has been grossed up to totals with reference to the total value of catch by type of ship as estimated by Statistics Iceland and Directorate of Fisheries. The sample size was as follows: Boats less than 10 GRT 78%; boats 10-200 GRT 74%; boats over 200 GRT 87%; pelagic vessels 73%; fresh fish trawlers 100% and freezer trawlers 100% or 90% of the total. Included in the freezer trawlers operating account are a few trawlers that freeze pelagic species.*

**Tafla 3. Rekstraryfirlit fiskvinnslu 2014**
*Table 3. Operating accounts of fish processing 2014*

| Milljónir króna *Million ISK* | Alls *Total* | Frysting *Freezing* | Söltun og hersla *Salting and drying* | Mjöl- og lýsisvinnsla *Fish meal and oil* | Ferskfisk-vinnsla *Fresh fish processing* |
|---|---|---|---|---|---|
| **1. Tekjur alls *Operating revenues*** | **207.491** | **98.409** | **43.778** | **26.157** | **39.147** |
| 1.1 Útflutningstekjur *Export products* | 192.754 | 91.280 | 39.414 | 24.333 | 37.727 |
| 1.2 Innanlandssala afurða *Domestic sale of products* | 7.070 | 3.323 | 1.377 | 1.369 | 1.001 |
| 1.3 Seldur afli - Selt hráefni *Domestic sale of fresh fish* | 4.444 | 2.256 | 2.010 | 152 | 27 |
| 1.4 Aðrar tekjur *Other income* | 3.223 | 1.550 | 977 | 303 | 392 |
| **2. Aðföng alls *Intermediate consumption*** | **147.125** | **62.297** | **34.953** | **18.314** | **31.561** |
| 2.1 Hráefni *Raw material* | 115.164 | 49.880 | 27.060 | 12.923 | 25.301 |
| 2.2 Rafmagn *Electricity* | 2.894 | 1.008 | 449 | 1.177 | 260 |
| 2.3 Olíur *Oil* | 655 | 57 | 46 | 551 | – |
| 2.4 Tryggingar *Insurance* | 285 | 91 | 78 | 90 | 25 |
| 2.5 Umbúðir *Packaging* | 8.200 | 3.687 | 2.032 | 358 | 2.124 |
| 2.6 Flutningskostnaður *Transportation costs* | 4.443 | 1.279 | 1.424 | 474 | 1.266 |
| 2.7 Viðhald *Maintenance and repair* | 6.406 | 2.706 | 1.069 | 1.735 | 896 |
| 2.8 Önnur aðföng *Other intermediate consumption* | 9.078 | 3.589 | 2.795 | 1.005 | 1.690 |
| **3. Vinnsluvirði *Value added (3.=1.-2.)*** | **60.366** | **36.112** | **8.825** | **7.843** | **7.586** |
| 4. Laun og tengd gjöld *Compensation of employees* | 29.933 | 15.405 | 6.481 | 1.937 | 6.110 |
| 5. Skattar á framleiðslu *Taxes on production* | 1.000 | 510 | 145 | 178 | 167 |
| **6. Verg hlutdeild fjármagns (EBITDA) *Share of capital, gross*** | **29.434** | **20.198** | **2.199** | **5.728** | **1.310** |
| Hlutfall af tekjum *Percentage of revenue* | **14,2** | **20,5** | **5,0** | **21,9** | **3,3** |
| 7. Afskriftir *Depreciation* | 4.696 | 2.004 | 830 | 1.339 | 524 |
| 8. Rekstrarafgangur *Operating surplus (8=6.-7.)* | 24.738 | 18.194 | 1.369 | 4.389 | 786 |
| 9. Vextir og gengismunur *Interest and exchange rate adjustments* | 3.306 | 1.658 | 894 | 170 | 584 |
| **10. Hreinn hagnaður (EBT) *Net profit (10.=8.-9.)*** | **21.432** | **16.536** | **475** | **4.219** | **202** |
| Hlutfall af tekjum *Percentage of revenue* | 10,3 | 16,8 | 1,1 | 16,1 | 0,5 |
| 11. Árgreiðsla (6%) *Imputed cost of capital, 6%* | 5.940 | 2.865 | 1.213 | 1.863 | 695 |
| **12. Hreinn hagnaður *Net profit (12.=6.-11.)*** | **23.494** | **17.333** | **986** | **3.865** | **615** |
| Hlutfall af tekjum *Percentage of revenue* | 11,3 | 17,6 | 2,3 | 14,8 | 1,6 |

**Skýringar** *Notes*: Við gerð þessa yfirlits hefur úrtak í viðkomandi vinnsludeild verið stækkað þannig að útflutningstekjur stemmi við heildartekjur af útflutningi af viðkomandi vörutegundum samkvæmt tölum Hagstofunnar. Útflutningsframleiðsla þeirra vinnsludeilda, sem eru með í úrtakinu, var 87% af útflutningi landfrysts botnfisks, 81% af útflutningi botnfisksöltunar, 92% af útlflutningi mjölvinnslu og 73% af útflutningi ferskra afurða, sem gerir um 90% af heildinni. Ekki er gert sérstakt yfirlit yfir rekstur herslu, hörpudiskvinnslu, síldarsöltun og er rekstur þeirra talinn með rekstri botnfisksöltunar. Rækjuvinnsla er innifalin í frystingu. *These operating accounts are grossed up to a complete coverage. The sample size of each type of processing has been grossed up to totals with reference to the total value of exports by type of processing as estimated by Statistics Iceland. The sample size was as follows: Freezing 87%; Salted fish 81%; fish meal and oil 92%; fresh fish export 73% or 90% of the total. A seperate operating account is not constructed for stock fish production scallop freezing salting of herring and these productions are included in salt fish production. Shrimp production is included in frezzing production.*

**Tafla 4. Efnahagsyfirlit sjávarútvegs 2008–2014**

*Table 4. Aggregated balance sheet of fishing and fish processing 2008–2014*

| Milljónir króna *Million ISK* | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. Veltufjármunir *Current assets*** | **88.338** | **103.812** | **97.356** | **104.584** | **113.601** | **104.667,2** | **107.147,8** |
| 1.1 Sjóður og bankainnistæður | | | | | | | |
| *Cash and bank time deposits* | 26.330 | 43.693 | 36.528 | 36.246 | 31.933 | 37.171 | 28.776 |
| 1.2 Viðskiptakröfur | | | | | | | |
| *Business claims* | 29.903 | 36.378 | 34.647 | 40.318 | 46.624 | 41.200 | 41.432 |
| 1.3 Birgðir *Stocks* | 24.758 | 21.211 | 20.019 | 23.296 | 31.038 | 23.785 | 27.891 |
| 1.4 Aðrir veltufjármunir | | | | | | | |
| *Other current assets* | 7.347 | 2.530 | 6.162 | 4.724 | 4.006 | 2.512 | 9.048 |
| **2. Fastafjármunir *Fixed assets*** | **354.460** | **437.501** | **405.143** | **442.426** | **421.490** | **425.155** | **466.844** |
| 2.1 Áhættufjármunir og langtímakröfur | | | | | | | |
| *Investments and long term claims* | 77.776 | 102.394 | 87.462 | 108.521 | 64.299[1] | 79.675 | 81.030 |
| 2.2 Varanlegir rekstrarfjármunir | | | | | | | |
| *Property, plant and equipments* | 95.344 | 115.157 | 109.980 | 109.010 | 125.578 | 118.318 | 137.085 |
| 2.3 Aðrar eignir *Other assets* | 181.340 | 219.950 | 207.701 | 224.896 | 231.613 | 227.162 | 248.729 |
| **3. Eignir = Skuldir + Eigið fé** | | | | | | | |
| ***Total assets = Total liabilities and equity*** | **442.799** | **541.313** | **502.498** | **547.221** | **535.091** | **529.822** | **573.992** |
| **4. Skuldir *Debts*** | **523.036** | **541.783** | **473.717** | **442.899** | **428.730** | **380.480** | **388.568** |
| 4.1 Skammtímaskuldir *Curremt liabilities* | 119.948 | 146.690 | 114.591 | 113.856 | 106.075 | 98.138 | 129.816 |
| 4.2 Langtímaskuldir *Long term liabilities* | 403.088 | 395.093 | 359.125 | 329.043 | 322.654 | 282.341 | 258.752 |
| **5. Eigið fé *Equity*** | **-80.238** | **-470** | **28.782** | **104.322** | **106.361** | **149.342** | **185.424** |
| 6. Veltufjárhlutfall *Current ratio* | 0,74 | 0,71 | 0,94 | 0,92 | 1,07 | 1,07 | 0,83 |
| 7. Eiginfjárhlutfall *Equity ratio* | -18,1 | -0,1 | 10,5 | 19,1 | 19,9 | 28,2 | 32,3 |

**Skýringar** *Notes*: Árið 2006 var samræmt skattframtal rekstraraðila, sem nær yfir flest fyrirtæki í atvinnugreininni, stækkað um 8%, 4% árið 2007 en skattframtalið var óbreytt árin 2008–2014. *In 2006 the Enterprise Accounts Register covered nearly 92% of the fishing and fish processing industry, 96% in 2007, but it was unadjusted 2008–2014. This register is a standardised register of annual acccounts and submitted to tax authorities.*

[1] Hér verða tilfærslur upp á rúma 11 milljarða á milli áhættufjármuna og eiginfjár vegna eiginfjárhlutdeildar í öðrum sjávarútvegsfyrirtækjum. *More than 11 billion krona is transferred from investments and long term claims to equity because of equity shares in other companys.*

## Tafla 5. Dreifing vergrar hlutdeildar fjármagns í frystingu 2014
*Table 5. Distribution of establishments in freezing by gross share of capital 2014*

| Verg hlutdeild<br>*Share of capital gross* | Fjöldi eininga í úrtaki<br>*Number of establishments in the sample* | Hlutdeild í veltu allra í úrtaki, %<br>*Share of sample in turnover, %* | Meðalvelta, milljónir króna<br>*Average turnover per establishment, million ISK* |
|---|---:|---:|---:|
| **Alls** ***Total*** | **47** | **100** | **1.820** |
| <0 | 11 | 10,8 | 1.022 |
| 0–5 | 7 | 13,9 | 1.081 |
| 5–10 | 5 | 3,3 | 469 |
| 10–15 | 6 | 4,2 | 720 |
| 15–20 | 4 | 10,2 | 4.348 |
| 20–25 | 2 | 22,8 | 3.903 |
| >25 | 6 | 34,9 | 3.314 |

**Skýringar** *Notes*: Deildir sem frystu botnfisk 2014. *Establishments freezing demersal species in 2014.*

## Tafla 6. Dreifing vergrar hlutdeildar fjármagns í söltun 2014
*Table 6. Distribution of establishments in salting by gross share of capital 2014*

| Verg hlutdeild<br>*Share of capital gross* | Fjöldi eininga í úrtaki<br>*Number of establishments in the sample* | Hlutdeild í veltu allra í úrtaki, %<br>*Share of sample in turnover, %* | Meðalvelta, milljónir króna<br>*Average turnover per establishment, million ISK* |
|---|---:|---:|---:|
| **Alls** ***Total*** | **31** | **100,0** | **1.018** |
| < -5 | 8 | 11,5 | 452 |
| -5–0 | 3 | 4,7 | 494 |
| 0–5 | 7 | 38,5 | 1.734 |
| 5–10 | 4 | 7,3 | 574 |
| 10–15 | 5 | 27,9 | 1.758 |
| 15–20 | 1 | 3,4 | 1.061 |
| 20–25 | 1 | 1,0 | 322 |
| >25 | 2 | 5,9 | 927 |

**Skýringar** *Notes*: Deildir sem söltuðu botnfisk 2014. *Establishments salting demersal species in 2014.*

**Tafla 7. Dreifing afkomu 931 fyrirtækja í úrtaki Hagstofunnar 2014**
*Table 7. Profit distribution of 931 enterprises in fishing and fish processing 2014*

| Hreinn hagnaður sem hlutfall af tekjum *Net profit as a percentage of revenue* | Fjöldi fyrirtækja *Number of enterprises* | Hlutdeild í veltu allra í úrtaki *Share of sample in turnover (%)* | Meðalvelta, millj. kr. *Average turnover per establishment, million ISK* | Hlutfall tekna af útgerð *Share of fishing in total revenue, %* | Hlutfall tekna af útgerð frystitogara *Share of freezer trawlers in total rev., %* | Verg hlutdeild sem hlutfall af tekjum *Gross share of capital as a perc. of revenue* | Eiginfjár-hlutfall *Equity ratio* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Alls** ***Total*** | **931** | **100,0** | **342** | **45,2** | **13,4** | **17,3** | **33,5** |
| < -10 | 311 | 6,4 | 65 | 68,6 | 39,7 | 4,3 | 14,5 |
| -10– -5 | 59 | 1,5 | 79 | 51,2 | – | 4,5 | 5,0 |
| -5–0 | 78 | 8,0 | 327 | 21,5 | – | 2,5 | 6,6 |
| 0–5 | 138 | 12,3 | 284 | 26,2 | – | 7,6 | 9,0 |
| 5–10 | 74 | 8,5 | 365 | 57,3 | 20,0 | 15,4 | 23,1 |
| 10–15 | 83 | 26,7 | 1.021 | 42,1 | 10,8 | 18,7 | 38,8 |
| 15–20 | 45 | 13,7 | 969 | 42,3 | 5,5 | 23,9 | 34,8 |
| 20–25 | 41 | 19,7 | 1.529 | 52,4 | 28,0 | 26,7 | 60,1 |
| >25 | 102 | 3,2 | 101 | 89,7 | 0,0 | 30,5 | 40,8 |

**Skýringar** *Notes*: Með hreinum hagnaði er átt við hreinan hagnað eins og hann er skilgreindur í rekstrarreikningum fyrirtækjanna, þ.e. með því að gjaldfæra afskriftir og fjármagnskostnað fyrirtækjanna. Hagnaður fyrirtækisins er hagnaður af allri starfseminni hvort sem um er að ræða botnfiskveiðar og -vinnslu, uppsjávarveiðar og -vinnslu, rækjuvinnslu eða einhverja aðra starfsemi á sviði sjávarútvegs. *Here, net profit is defined according to bookkeeping practises, i.e. imputed cost of capital is not used but the conventional methods, cf. tables 2 and 3. The figures show net profit by enterprises, not by establishments.*

**Tafla 8. Dreifing eiginfjárhlutfalls fyrirtækja í úrtaki Hagstofunnar 2013–2014**
*Table 8. Distribution of equity ratio 2013–2014, all enterprises in the sample*

| Eiginfjárhlutfall *Equity ratio* | Fjöldi eininga í úrtaki *Number of establishments in the sample* | Eiginfjár-hlutfall (%) *Equity ratio (%)* | Hlutdeild í eignum (%) *Share of total assets (%)* | Hlutdeild í tekjum (%) *Share of operating revenue (%)* |
|---|---|---|---|---|
| **2014** | | | | |
| **Alls *Total*** | **923** | **33,5** | **100,0** | **100,0** |
| < -100 | 110 | -168,4 | 1,0 | 2,8 |
| -75– -100 | 23 | -82,2 | 0,3 | 0,2 |
| -50– -75 | 43 | -63,6 | 0,4 | 1,1 |
| -25– -50 | 53 | -26,8 | 2,2 | 2,6 |
| 0– -25 | 107 | -9,8 | 9,6 | 8,1 |
| 0–25 | 146 | 13,9 | 12,6 | 13,2 |
| 25–50 | 127 | 39,5 | 48,0 | 43,4 |
| 50–75 | 96 | 57,0 | 20,9 | 22,0 |
| >75 | 218 | 92,5 | 4,9 | 6,7 |
| <0 | 336 | -27,3 | 13,5 | 14,7 |
| 0> | 587 | 43,0 | 86,5 | 85,3 |
| **2013** | | | | |
| **Alls *Total*** | **975** | **32,6** | **100,0** | **100,0** |
| < -100 | 108 | -284,0 | 0,9 | 2,5 |
| -75– -100 | 29 | -81,6 | 0,5 | 0,3 |
| -50– -75 | 45 | -62,0 | 1,0 | 0,9 |
| -25– -50 | 63 | -31,1 | 2,0 | 1,4 |
| 0– -25 | 119 | -11,0 | 7,8 | 8,0 |
| 0–25 | 133 | 10,1 | 12,4 | 10,6 |
| 25–50 | 127 | 36,4 | 40,1 | 34,9 |
| 50–75 | 106 | 55,1 | 29,0 | 35,1 |
| >75 | 245 | 90,6 | 6,3 | 6,3 |
| <0 | 364 | -40,7 | 12,2 | 13,1 |
| 0> | 611 | 42,7 | 87,8 | 86,9 |

**Skýringar** *Notes*: Ekki eru tiltækir efnahagsreikningar nokkurra einstaklingsfyrirækja. Þeir koma því ekki fram í dreifingu eiginfjárhlutfalls. *Few unincorporated firms are included in the operating accounts but not in the balance sheet because their assets are not recorded.*

**Tafla 9. Rekstraryfirlit sjávarútvegs 2014**
*Table 9. Operating accounts of fishing and fish processing 2014*

| Milljónir króna *Million ISK* | Fiskveiðar *Fishing* | Fiskvinnsla *Fish processing* | Sjávarútvegur alls[1] *Fishing industry*[1] |
|---|---|---|---|
| **1. Tekjur alls *Operating revenues*** | **142.927** | **207.491** | **241.329** |
| 1.1 Útflutningstekjur *Export products* | 48.574 | 192.754 | 241.329 |
| 1.2 Seldur afli – Selt hráefni *Domestic sale of fresh fish* | 87.736 | 11.514 | – |
| 1.3 Aðrar tekjur *Other income* | 6.618 | 3.223 | 0 |
| **2. Aðföng alls *Operating expenses*** | **61.760** | **147.125** | **99.795** |
| 2.1. Hráefni *Raw material* | – | 115.164 | 6.074 |
| 2.2 Rafmagn *Electricity* | – | 3.549 | 3.549 |
| 2.3 Olíur *Oil* | 15.699 | – | 15.699 |
| 2.4 Tryggingar *Insurance* | 1.387 | 285 | 1.671 |
| 2.5 Umbúðir *Packaging* | 1.293 | 8.200 | 9.493 |
| 2.6 Flutningskostnaður *Transportation costs* | 1.497 | 4.443 | 5.940 |
| 2.7 Viðhald *Maintenance and repair* | 8.639 | 6.406 | 15.045 |
| 2.8 Veiðarfæri *Fishing gear* | 3.520 | – | 3.520 |
| 2.8 Önnur aðföng *Other intermediate consumption* | 29.725 | 9.078 | 38.803 |
| **3. Vinnsluvirði *Value added (3=1.-2.)*** | **81.168** | **60.366** | **141.534** |
| 4. Laun og tengd gjöld *Compensation of employees* | 51.975 | 29.933 | 81.908 |
| 5. Skattar á framleiðslu *Taxes on production* | – | 1.000 | 1.000 |
| **6. Verg hlutdeild fjármagns (EBITDA) *Share of capital, gross*** | **29.193** | **29.434** | **58.627** |
| **Hlutfall af tekjum *Percentage of revenue*** | **20,4** | **14,2** | **24,3** |
| 7. Afskriftir *Depreciation* | 7.590 | 4.696 | 12.286 |
| 8. Rekstrarafgangur *Operating surplus (8.=6.-7.)* | 21.603 | 24.738 | 46.341 |
| 9. Vextir og gengismunur *Interest and exchange rate adjustments* | 6.730 | 3.306 | 10.036 |
| **10. Hreinn hagnaður (EBT) *Net profit (10.=8.-9.)*** | **14.873** | **21.432** | **36.305** |
| Hlutfall af tekjum *Percentage of revenue* | 10,4 | 10,3 | 15,0 |
| 11. Árgreiðsla 6% *Imputed cost of capital 6%* | 15.711 | 6.635 | 22.346 |
| **12. Hreinn hagnaður *Profit (13.=6.-11.)*** | **13.482** | **22.799** | **36.281** |
| Hlutfall af tekjum *Percentage of revenue* | 9,4 | 11,0 | 15,0 |

[1] Hér hafa verið felld út viðskipti með hráefni á milli fiskveiða og fiskvinnslu. Seldur afli og aðrar tekjur koma á móti hráefninu. *Raw material netted out against domestic sale of fresh fish and other income.*

## Tafla 10. Rekstraryfirlit báta undir 10 brúttótonnum og strandveiða 2014
*Table 10. Operating accounts of boats less than 10 GT and costal fishing 2014*

| Milljónir króna<br>*Million ISK* | Samtals[1]<br>*Total*<br>*Boats less than*<br>*10 GRT* | Þar af:[2]<br>Strandveiði-<br>siglingar<br>*Costal fishing* | Bátar<br>undir 10 brl.<br>*Boats less than*<br>*10 GRT* |
|---|---|---|---|
| **1. Tekjur alls *Operating revenues*** | **6.919** | **2.398** | **4.521** |
| 1.1 Seldur afli Catches | 175 | – | 175 |
| 1.2 Selt hráefni *Fresh fish for processing* | 6.394 | 2.325 | 4.069 |
| 1.3 Aðrar tekjur *Other income* | 349 | 72 | 277 |
| **2. Gjöld alls *Operating expenses*** | **5.755** | **2.055** | **3.699** |
| 2.1 Aflahlutir *Fishermen's shares* | 1.288 | 399 | 889 |
| 2.2 Önnur laun *Other wages* | 220 | 0 | 220 |
| 2.3 Launatengd gjöld *Labour related costs* | 252 | 69 | 183 |
| 2.4 Olíur *Oil* | 762 | 225 | 537 |
| 2.5 Veiðarfæri *Fishing gear* | 141 | 45 | 95 |
| 2.6 Viðhald *Maintenance and repair* | 573 | 311 | 262 |
| 2.7 Frystikostnaður, umbúðir o.fl. *Packaging and freezing cost* | | | |
| 2.8 Flutningskostnaður *Transportation cost* | 324 | 131 | 193 |
| 2.9 Laun v/skrifstofu *Salaries* | – | – | – |
| 2.10 Skrifstofukostnaður *Overhead cost, excluding salaries* | 595 | 257 | 338 |
| 2.11 Tryggingar *Insurance* | 116 | 25 | 91 |
| 2.12 Sölukostnaður *Sales cost* | 0,0 | – | 0,0 |
| 2.13 Löndunarkostnaður *Landing cost* | 0,1 | – | 0,1 |
| 2.14 Önnur gjöld *Other expenses* | 1.482 | 592 | 890 |
| **3. Verg hlutdeild fjármagns (EBITDA) (3.=1.-2.)** | | | |
| ***Share of capital, gross*** | **1.164** | **342** | **822** |
| Hlutfall af tekjum *Percent of revenue* | 16,8 | 14,3 | 18,2 |
| 4. Afskriftir *Depreciation* | 619 | 315 | 304 |
| 5. Vextir og gengismunur *Interest and exchange rate adjustments* | 343 | 111 | 232 |
| **6. Hreinn hagnaður (EBT) *Profit (6.=3.-4.-5.)*** | **203** | **-84** | **287** |
| Hlutfall af tekjum *Percent of revenue* | 2,9 | -3,5 | 6,4 |
| 7. Árgreiðsla, 6% *Imputed cost of capital, 6%* | 1.290 | 663 | 627 |
| **8. Hreinn hagnaður *Profit (8.=3.-7.)*** | **-126** | **-321** | **195** |
| Hlutfall af tekjum *Percent of revenue* | -1,8 | -13,4 | 4,3 |

Tafla 10. Rekstraryfirlit báta undir 10 brúttótonnum og strandveiða 2014 (frh.)
*Table 10. Operating accounts of boats less than 10 GT and costal fishing 2014 (cont.)*

| Milljónir króna *Million ISK* | Samtals[1] *Total Boats less than 10 GRT* | Þar af:[2] Strandveiði-siglingar *Costal fishing* | Bátar undir 10 brl. *Boats less than 10 GRT* |
|---|---|---|---|
| **Upplýsingar um skip *Characteristics of vessels*** | | | |
| Fjöldi *Fleet – number of vessels* | 956 | 511 | 445 |
| Brúttótonn (brúttótonn – meðaltal) *Fleet – average GT* | 6 | 5 | 6 |
| Skráð lengd (metrar – meðaltal) *Fleet – average length* | 8 | 8 | 8 |
| Vélarstærð (kW) *Fleet – average kW* | 122 | 109 | 135 |
| Meðalsmíðaár *Fleet – building year* | 1990 | 1987 | 1993 |
| Vátryggingaverðmæti, milljónir króna *Insurance value, million ISK* | 10.811 | 5.556 | 5.256 |
| | | | |
| **Afli, þúsund tonn *Volume, thousand tonnes*** | **26,9** | **8,7** | **18,1** |
| Þorskur *Cod* | 18,5 | 7,8 | 10,8 |
| Ýsa *Haddock* | 1,3 | 0,0 | 1,3 |
| Ufsi *Saithe* | 1,7 | 0,8 | 0,9 |
| Karfi *Redfish* | 0,2 | 0,1 | 0,1 |
| Annað *Other* | 5,1 | 0,1 | 5,1 |
| | | | |
| **Verðmæti, milljónir kr. *Value, million ISK*** | **6.570** | **2.325** | **4.244** |
| Þorskur *Cod* | 4.982 | 2.157 | 2.824 |
| Ýsa *Haddock* | 412 | 12 | 400 |
| Ufsi *Saithe* | 271 | 123 | 148 |
| Karfi *Redfish* | 3 | 22 | 25 |
| Annað *Other* | 902 | 10 | 848 |

[1] Hér eru taldar veiðar allra smábáta undir 10 tonnum og þar með strandveiðar. *Included here are all fishing of small boats undir 10 GT, costal fishing included.*

[2] Rekstraryfirlit 511 strandveiðibáta. *The operating accounts of 511 costal boats.*

**Tafla 11. Rekstraryfirlit frystitogara og uppsjávarfrystitogara 2014**
*Table 11. Operating accounts of freezer trawlers and pelagic freezer trawlers 2014*

| Milljónir króna *Million ISK* | Samtals Frystitogarar[1] *Total freezer trawlers[1]* | Uppsjávar-frystiskip[2] *Pelagic freezer trawlers[2]* | Frystitogarar *Demersal freezer trawlers* |
|---|---|---|---|
| **1. Tekjur alls *Operating revenues*** | **48.072** | **14.964** | **33.108** |
| 1.1 Seldur afli Catches | 43.951 | 13.747 | 30.203 |
| 1.2 Selt hráefni *Fresh fish for processing* | 2.188 | – | 2.188 |
| 1.3 Aðrar tekjur *Other income* | 1.934 | 1.217 | 717 |
| **2. Gjöld alls *Operating expenses*** | **37.427** | **11.135** | **26.292** |
| 2.1 Aflahlutir *Fishermen's shares* | 14.355 | 4.144 | 10.211 |
| 2.2 Önnur laun *Other wages* | 1.401 | 540 | 861 |
| 2.3 Launatengd gjöld *Labour related costs* | 2.429 | 643 | 1.786 |
| 2.4 Olíur *Oil* | 5.836 | 1.491 | 4.345 |
| 2.5 Veiðarfæri *Fishing gear* | 1.121 | 369 | 753 |
| 2.6 Viðhald *Maintenance and repair* | 2.932 | 955 | 1.978 |
| 2.7 Frystikostnaður, umbúðir o.fl. *Packaging and freezing cost* | 1.293 | 399 | 894 |
| 2.8 Flutningskostnaður *Transportation cost* | 579 | 9 | 571 |
| 2.9 Laun v/skrifstofu *Salaries* | 666 | 148 | 518 |
| 2.10 Skrifstofukostnaður *Overhead cost, excluding salaries* | 803 | 288 | 515 |
| 2.11 Tryggingar *Insurance* | 413 | 121 | 293 |
| 2.12 Sölukostnaður *Sales cost* | 828 | 200 | 628 |
| 2.13 Löndunarkostnaður *Landing cost* | 945 | 225 | 720 |
| 2.14 Önnur gjöld *Other expenses* | 3.826 | 1.605 | 2.221 |
| **3. Verg hlutdeild fjármagns (EBITDA) (3.=1.-2.)** | **10.645** | **3.830** | **6.815** |
| ***Share of capital, gross*** | 22,1 | 25,6 | 20,6 |
| Hlutfall af tekjum *Percent of revenue* | | | |
| 4. Afskriftir *Depreciation* | 2.410 | 1.441 | 969 |
| 5. Vextir og gengismunur *Interest and exchange rate adjustments* | 3.008 | -315 | 3.323 |
| **6. Hreinn hagnaður (EBT) *Profit (6.=3.-4.-5.)*** | **5.227** | **2.703** | **2.524** |
| Hlutfall af tekjum *Percent of revenue* | 10,9 | 18,1 | 7,6 |
| 7. Árgreiðsla, 6% *Imputed cost of capital, 6%* | 4.105 | 1.594 | 2.511 |
| **8. Hreinn hagnaður *Profit (8.=3.-7.)*** | **6.540** | **2.236** | **4.304** |
| Hlutfall af tekjum *Percent of revenue* | 13,6 | 14,9 | 13,0 |

Tafla 11. Rekstraryfirlit frystitogara og uppsjávarfrystitogara 2014 (frh.)
*Table 11. Operating accounts of freezer trawlers and pelagic freezer trawlers 2014 (cont.)*

| Milljónir króna<br>*Million ISK* | Samtals frystitogarar[1]<br>*Total freezer trawlers[1]* | Uppsjávar-frystiskip[2]<br>*Pelagic freezer trawlers[2]* | Frystitogarar<br>*Demersal freezer trawlers* |
|---|---|---|---|
| **Upplýsingar um skip** ***Characteristics of vessels*** | | | |
| Fjöldi *Fleet - number of vessels* | 27 | 6 | 21 |
| Brúttótonn (brúttótonn – meðaltal) *Fleet – average GT* | 1.990 | 3.658 | 1.513 |
| Skráð lengd (metrar – meðaltal) *Fleet – average length* | 58 | 72 | 54 |
| Vélarstærð (kW) *Fleet – average kW* | 3.139 | 4.946 | 2.622 |
| Meðalsmíðaár *Fleet – Building year* | 1990 | 1997 | 1987 |
| Vátryggingaverðmæti (milljónir króna) *Insurance value (million ISK)* | 34.396 | 12.483 | 21.912 |
| **Afli, þúsund tonn** ***Volume, thousand tonnes*** | **366,1** | **161,2** | **137,8** |
| Þorskur *Cod* | 33,4 | 0,0 | 33,4 |
| Ýsa *Haddock* | 6,2 | – | 6,2 |
| Ufsi *Saithe* | 16,1 | – | 16,1 |
| Karfi *Redfish* | 34,0 | – | 34,0 |
| Humar *Lobster* | – | – | – |
| Rækja *Shrimp* | 0,5 | – | 0,5 |
| Síld *Herring* | 29,8 | 27,7 | 2,1 |
| Norsk-íslensk síld *Atlantic-Scandian herring* | 16,7 | 16,5 | 0,2 |
| Loðna *Capelin* | 95,1 | 28,0 | – |
| Kolmunni *Blue withing* | 43,9 | 43,9 | 0,0 |
| Makríll *Mackerel* | 73,2 | 45,0 | 28,2 |
| Annað *Other* | 17,0 | 0,1 | 17,0 |
| **Verðmæti, milljónir kr.** ***Value, million ISK*** | **46.138** | **12.300** | **33.838** |
| Þorskur *Cod* | 9.213 | 0 | 9.213 |
| Ýsa *Haddock* | 1.956 | – | 1.956 |
| Ufsi *Saithe* | 3.812 | – | 3.812 |
| Karfi *Redfish* | 8.248 | – | 8.248 |
| Humar *Lobster* | – | – | – |
| Rækja *Shrimp* | 245 | – | 245 |
| Síld *Herring* | 2.661 | 2.415 | 245 |
| Norsk-íslensk síld *Atlantic-Scandian herring* | 1.701 | 1.671 | 30 |
| Loðna *Capelin* | 1.539 | 1.539 | – |
| Kolmunni *Blue withing* | 1.274 | 1.272 | 2 |
| Makríll *Mackerel* | 9.719 | 5.401 | 4.317 |
| Annað *Other* | 5.772 | 2 | 5.770 |

[1] Hér eru taldar veiðar allra frystitogara sem frysta meira en 50%. *Included here are all freezer trawler that freeze more than 50%.*

[2] Rekstraryfirlit 6 uppsjávarfrystiskipa. *The operating accounts of 6 pelagic freezer trawlers.*

Hagtíðindi
Statistical Series
101. árg. • 1. tbl.
ISSN 1670-4770

**Sjávarútvegur**
***Fisheries***

2. febrúar 2016
Umsjón *Supervision* Gyða Þórðardóttir • gyda.thordardottir@hagstofa.is
© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland
www.hagstofa.is *www.statice.is*
Sími *Telephone* +(354) 528 1000
Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099
Um rit þetta gilda ákvæði höfundalaga. Vinsamlegast getið heimildar.
*Reproduction and distribution are permitted provided that the source is mentioned.*